

Stjórnarfundur KAÍ 30.6.2022 kl. 12 á skrifstofu KAÍ, Íþróttamiðstöðinni.

Mættir: Reinharð, María, Elías Guðni, Elías Snorra, Bjarni og á Zoom: Rut.

1. Fjárhagur – 6 mánaða uppgjör. Tekjur og útgjöld hafa nokkurn veginn haldist í hendur. 500.000 kr sem skráð er á kostnað við mótahald innanlands er vegna vagna undir mótadót og 2 nýjar skortölvur sem nýtast áfram.
2. Landsliðsmál – 6 mánaða yfirlit og framtíðarverkefni. Elías Guðni kynnti stöðu mála eftir verkefni vorsins. Verulegur stígandi hjá keppendum í kumite og kata. Allir hafa bætt sig milli móta.

Sadik verður með þrekpróf fyrir kumite hópinn í september. Bauð kata hópnum að vera með ef þau vilja. Bjarni ætlar að athuga með íþróttahús fyrir þrekprófið.

Þrjú stór verkefni á haustmánuðum, Smáþjóðamót í Lichtenstein í september, HM U21 í Tyrklandi í október og NM í Riga, Lettlandi í nóvember. Einnig 2-3 minni mót á áætlun haustsins auk æfingabúða.

Stefnt á að fá íþróttasálfræðing til að vera með almennan fyrirlestur fyrir landsliðshópana í september um andlegan undirbúning fyrir mót. Einnig athuga með næringarfræðing fyrir hópana. Bjarni ætlar að athuga með hvoru tveggja.

Sambandið þarf að finna samstarfsaðila vegna breytinga á keppnisgöllum á mótum WKF sem taka gildi 1.1.2023 en frá þeim tíma þurfa allir keppnisgallar að vera með rauð eða blá merki á öxlunum.

Maríu Helgu Guðmundsdóttur þakkað fyrir gott starf með kata landsliðinu. Leit stendur yfir að arftaka hennar. Ákvörðun verðu tekin í byrjun ágúst með nýjan landsliðsþjálfara.

3. Mótamál – undirbúningur fyrir haustið. Mótaáætlun er komin inn á vef KAÍ. Beðið er eftir umsóknum frá félögum um húsnæði fyrir mótin. Enn eru 4 félög sem eiga ekki fulltrúa í mótanefnd.

Lagt til að félag hefur tekið þátt í 3 mótum í röð án þess að vera með starfsmenn eða dómara verði félagið sett í keppnisbann. Ákvörðun um það frestað fram á næsta stjórnarfund.

Minna félögin á að við höldum NM vorið 2024. Þurfum vant starfsfólk fyrir mótið. Tæp 2 ár til stefnu.

4. Önnur mál. Reinharð lagði til að hann semji upplýsingapóst til félaganna um það sem er fram undan hjá sambandinu sem verði sent út og birt á FB síðu sambandsins. Samþykkt.
5. Erindi frá Halldóri Stefánssyni og Elíasi Snorrasyni. Elías Snorrason kynnt bréfið en vék síðan af fundi.

Nokkur umræða varð um erindið en ákveðið var að bíða með ákvörðun fram á næsta stjórnarfund sem verður í byrjun ágúst.

Fundarritari: Reinharð Reinharðsson